

Fundur í skólaráði Glerárskóla 2. febrúar 2015

Mættir: Alma Stígsdóttir og Elfa Gylfadóttir foreldrafulltrúar, Lára Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eyrún Skúladóttir skólastjóri. Fríða Pétursdóttir og Margrét Ingimundardóttir kennarafulltrúar og Stefán Haukur Björnsson nemendafulltrúi.

Elín skrifaði fundargerð.

### **Fundartímar**

Ræddar breytingar á fundardögum. Næsti fundur verði 16. mars. Skila þarf inn skóldagatali fyrir þann tíma. Rætt var um að gengið yrði frá því í póstsamskiptum. 20. apríl verði síðan þarnaesti fundur.

### **Mentor**

Kennarar hafa fengið kynningu á nýrri uppfærslu Mentors. Vilji er fyrir því að nýta Mentor sem best. Byrjað er að vinna að markmiðum faggreina í skólanámskránni.

### **Vorhátíð**

Foreldrafélagið hefur lagt það til að hafa vorhátíð sína á skóladegi m.a. vegna þess að lítil mæting hefur verið á hátíðina síðustu ár. Hugsanlegt er að hafa hátíðina á einum af uppbrotsdögum í vor. Getur verið liður í því að efla samstarf heimila og skóla. Spurt var hvort möguleiki væri á sýningum á verkum nemenda á þessum degi. Þetta yrði fyrst og fremst tilraun.

### **Umhverfi skólans**

Hverfisnefndin hefur lagt talsvert í að bæta umhverfi skólans og styðja með því við nám í umhverfinu. M.a. er búið að kaupa skúr, útieldunaráhöld og alls kyns efnivið. Ýmislegt þarf því að vinna þegar vorar og gott væri að fá foreldra til aðstoðar. Rætt um brekkurnar beggja vegna við klettana þar sem nemendur sækja mjög í að leika sér við að renna sér niður svellið sem myndast. Þar varð nýlega slys þar sem nemandi fótbraut sig. Nemendur hafa verið að útbúa reglur til að fara eftir við leiki í brekkunni og eru að kynna í bekkjum.

Skólinn hefur afnot af svæðinu við Árholt og til stendur að taka niður hluta af girðingunni til að opna svæðið betur frá skólalóðinni. Í framtíðinni mun skólinn fá að nýta skúrinn sem er þar á lóðinni.

Rætt var um hegðun nemenda í kringum strætóstop pistöðina við Höfðahlíð þar eru hrindingar og læti, einnig ber á erfiðri hegðun inni í strætó. Það mun fara pistill um þetta í fréttabréf til foreldra nú í febrúar. Skólaráð telur hegðun nemenda vera á ábyrgð foreldra og því nauðsynlegt að koma skilaboðum um þetta til þeirra.

### **Árshátíð**

Foreldrafélagið veitir styrk fyrir leikstjórn. Rætt um að skólinn gangi frá formlegri beiðni til foreldrafélagsins um árlegan styrk.

Nemendur hafa komið með ósk um að fá að halda árshátíðarball á föstudegi. Það þýðir að breyta verður fyrirkomulagi árshátíðar sem þykir ekki spennandi kostur. Það hefur verið reynt áður en ekki gefið þá raun að það þyki til bóta. Breytingar gætu þýtt að ballið yrði á öðrum dögum en árshátíðasýningar. Það skiptir nemendum máli að hafa DJ sem trekkir að og það þarf að skoða vel.

### **Vorferðir og Reykjaferð**

Nemendafulltrúi telur mikilvægt að halda inni Reykjaferð. Það sé mikilvægara en að hafa dýra vorferð í 7. bekk.

### **Skóladagatal 2015 – 2016**

Á morgun verður fundur skólastjóra á Akureyri með fræðslustjóra og þá verður ákveðinn skólasetningardagur. Um leið og það verður ákveðið er hægt að fara að telja út dagatalið. Skólasetning verður 20., 21. eða 24. ágúst. Rætt var um mögulega skóladaga 21. og 22. desember. Foreldrar á því að betra væri að byrja jólafrí um helgi. Betri kostur að byrja skóla fyrir eða hafa hann lengur fram í júní.

### **Skólastarf 2014 – 2015**

Að öllum líkindum verða litlir bekkir settir saman með einum umsjónarkennara í stað tveggja. Ekki er búið að taka ákvarðanir um hvaða árgangar það verða. Þetta þýðir að það verða uppsagnir á starfsfólki.

### **Önnur mál**

#### **Ávaxtaáskrift**

Óánægja með að ávextirnir séu ekki nógu vel fram bornir. Til þess að krakkarnir borði ávextina þarf að skera þá meira niður.

#### **Skýjaborgir.**

Á miðstigsopnun gerðist það að snúra var eyðilögð sem gerir það að verkum að það kemur suð og hátalararnir detta út.

Fleira ekki fært til bókar

Elín E. Magnúsd.